



Minnisblað

Dags.: 10.11.2023

Frá: Steinari Sigurjónssyni, umsjónarmanni umhverfismála
Dreifing: Sveitarstjórn

Efni: Opnun tilboða í snjómokstur og hálkuvarnir

Þann 9. nóvember 2023 voru opnuð tilboð sem bárust úr lokaðri verðfyrirspurn í verkin „Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum og tengivegum í Grafningi 2023-2025“ og „Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum og tengivegum í Grímsnesi 2023-2025“.

Eitt tilboð barst í verkið „Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum og tengivegum í Grafningi 2023-2025“ og var það eftirfarandi:

1. Vélaleiga Ingólfs ehf.	Kr.	11.871.975
---------------------------	-----	------------

Tvö tilboð bárust í verkið „Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum og tengivegum í Grímsnesi 2023-2025“ og voru þau eftirfarandi:

1. Suðurtak ehf.	Kr.	14.480.000
2. Vélaleiga Ingólfs ehf.	Kr.	14.648.100

Búið er að yfirfara tilboð m.t.t. hæfi bjóðenda, útilokunarástæðna og rétttra útreikninga í tilboðskrá og teljast öll tilboð gild.

Lagt er til að tilboði Vélaleigu Ingólfs ehf. verði tekið í verkið „Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum og tengivegum í Grafningi 2023-2025“ og tilboði Suðurtaks ehf. í verkið „Snjómokstur og hálkuvörn á héraðsvegum og tengivegum í Grímsnesi 2023-2025“.

Meðfylgjandi eru fundargerðir opunarfunda tilboðanna.